



# Starfsreglur fyrir gæðanefnd háskólaráðs

## Tilgangur og gildissvið

Gæðanefnd er ein af starfsnefndum háskólaráðs. Tilgangur starfsreglnanna er að tryggja að gæðanefndin sinni hlutverki sínu sbr. [7. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009](#). Nefndin er ráðgefandi fyrir háskólaráð en fer hvorki með framkvæmda- né ákvörðunarvald. Um starf nefndarinnar gildir [erindisbréf](#) sem samþykkt var í háskólaráði 3. júní 2021.

## Hlutverk og ábyrgð

Hlutverk nefndarinnar er að veita háskólaráði ráðgjöf um hvernig styrkja megi stjórnkerfið sem snýr að rammaáætlun [gæðaráðs íslenskra háskóla](#) um eflingu gæða (e. [Quality Enhancement Framework](#)) og er ætlað: (i) að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veitir, og (ii) tryggja gæði þess námsumhverfis sem hann býður nemendum sínum. Nefndin skal byggja ráðgjöf sína á afurðum sem koma út úr sjálfsmati deilda (sjá [VLR-0058 sjálfsmat faglegra eininga – símat og regluleg endurskoðun](#)) og ytra mati gæðaráðs. Nefndin vinnur með öðrum stjórnendum skólans að því að efla gæðastarf í daglegum verkefnum er varða kennslu og rannsóknir og stuðla að aukinni gæðamenningu þar sem stöðugar umbætur eru eðlilegur hluti stjórnunar.

Gæðanefnd kallar eftir atvikum á sinn fund einstaka stjórnendur og aðra starfsmenn Háskóla Íslands sem upplýst geta um mál sem nefndin hefur til umfjöllunar.

Nefndin hefur samráð við aðrar fastanefndir Háskólaráðs um einstök mál til að stuðla að skýrri verkaskiptingu og samræmi í starfsáætlunum.

Formaður gerir rektor og háskólaráði grein fyrir starfi nefndarinnar a.m.k. einu sinni á ári.

Gæðastjóri ber ábyrgð á að starfsreglurnar séu réttar á hverjum tíma og formaður nefndarinnar að unnið sé eftir þeim.

## Framkvæmd

### 1. Skipan nefndarinnar og verkaskipting

Í gæðanefnd sitja sex fulltrúar starfs síns vegna auk fulltrúa stúdenta og formanns, sem tilnefndur er af rektor úr röðum fastráðinna kennara, og skipaðir eru frá og með 1. júlí til þriggja ára af háskólaráði. Fastafulltrúar í nefndinni eru: gæðastjóri, sviðsstjóri kennsluviðs, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarviðs, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs, sviðsstjóri alþjóðasviðs og skrifstofustjóri Miðstöðvar framhaldsnáms.

Formaður ber ábyrgð á að nefndin sinni hlutverki sínu og að erindi fái afgreiðslu skv. settum reglum og innan settra tímamarka. Formaður kemur fram fyrir hönd nefndarinnar. Nefndin setur sér starfsáætlun í upphafi hvers starfsárs og kynnir fyrir rektor.

Gæðanefnd starfar náð með öðrum aðilum er koma að sameiginlegum gæðamálum Háskóla Íslands, s.s. kennslumálanefnd, vísindanefnd, miðlægrí stjórnslu og stjórnslu fræðasviða og þeim þjónustueiningum sem undir hana heyra.



Gæðastjóri heldur utan um starf nefndarinnar á milli funda í samráði við formann. Annað starfsfólk gæðateymis á rektorsskrifstofu á seturétt á fundum gæðanefndar.

## 2. Fundir, fundarstjórn, boðun funda og fundargerðir

Gæðanefnd skal funda a.m.k. einu sinni í mánuði, en nefndarmenn geta farið fram á það við formann að fundur verði haldinn þess utan. Erindum til nefndarinnar skal svarað innan þriggja vikna.

Formaður stýrir fundum, boðar til þeirra með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Gæðastjóri ritar fundargerð og sér til þess að hún birtist á heimasíðu nefndarinnar á innri vef

Háskólans. Gæðastjóri getur einnig falið starfsfólki gæðateymis að rita fundargerð.

## 3. Verkefni nefndarinnar

Helstu verkefni gæðanefndar eru:

- að setja sér starfs- og fundaráætlun á fyrsta fundi hvers starfsárs sem kynnt verði háskólaráði;
- að þróa, viðhalda og hafa eftirlit með formlegu gæðakerfi Háskóla Íslands (nefndinni er ekki ætlað að fjalla um jafnlaunavottun eða hliðstæð verkfæri og ferla);
- að hafa umsjón með rafrænni gæðahandbók Háskóla Íslands;
- að fylgja eftir þeim þáttum í Stefnu Háskóla Íslands á hverjum tíma er lúta að gæðakerfi skólans og gæðum starfseminnar;
- að fylgjast með og taka mið af alþjóðlegri þróun og stefnumörkun á sviði gæðamála í háskólastarfi, s.s. á vettvangi EUA (European University Association), ENQA (European Association for Quality Assurance in Higher Education) og í tengslum við Bologna-ferlið og fyrirkomulagi gæðamála í háskólum á Norðurlöndunum og innan Aurora samstarfsins;
- að beita sér fyrir umræðu, þekkingu og vitund um gæðamál og stuðla með því að aukinni gæðamenningu innan og utan Háskóla Íslands;
- að hafa yfirumsjón með framkvæmd Rammaáætlunar um eflingu gæða í háskólastarfi á Íslandi (Icelandic Quality Enhancement Framework, QEF) innan Háskóla Íslands, þ.m.t. að:
  - skipuleggja innra mat, stýra framkvæmd matsins, fara yfir niðurstöður þess (þ.m.t. umbótaáætlanir faglegra eininga) og gera tillögur til háskólaráðs um viðbrögð og úrbætur eftir því sem ástæða er til;
  - koma að undirbúningi ytra mats Háskólans á vegum QEF og fylgja eftir ábendingum til úrbóta sem koma út úr matinu, þ.m.t. undirbúning miðbiksmats (Mid-Term Review).
-



- að veita umsagnir um stefnuáætlanir, breytingar á reglum og sérreglum er tengjast málaflokknum kennsla og rannsóknir sérstaklega, eftir því sem við á;
- veita umsagnir um nýjar verklagsreglur og breytingar á verklagsreglum einstakra starfseininga skólans er varða kennslu og rannsóknir og rýna samræmi við reglur, eftir því sem við á;
- að vera rektor, háskólaráði, háskólaþingi, fræðasviðum, deildum, öðrum starfsnefndum, forstöðumönnum og sviðsstjórum til ráðuneytis um hvaðeina sem lýtur að gæðamálum Háskólans;
- að sinna öðrum þeim verkefnum sem rektor, háskólaráð eða háskólafundur kunna að fela nefndinni;
- að rýna starfsreglurnar einu sinni á ári;
- að taka saman skýrslu í lok hvers starfsárs þar sem gerð er grein fyrir starfi nefndarinnar og hvernig nefndin uppfyllti hlutverk sitt skv. starfsreglum. Formaður kynni skýrsluna á fundi háskólaráðs.

#### 4. Þagnar- og trúnaðarskylda

Nefndarmenn skulu gæta trúnaðar er varðar mál sem koma á borð nefndarinnar.

#### 5. Gildistaka og endurskoðun

Reglurnar taka gildi þegar samþykkt háskólaráðs liggur fyrir.

#### Tilvísanir

- [Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#)
- [Erindisbréf gæðanefndar háskólaráðs frá 3. Júní 2021](#)
- [VLR-0058 Sjálfsmat faglegra eininga – símat og regluleg endurskoðun](#)
- [Gæðaráð íslenskra háskóla](#)
- [Rammaáætlun um eflingu gæða \(Quality enhancement Framework\)](#)